



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2018

1802063SA KB/sp
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um fæðingar- og foreldraorlof, 24. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. desember sl., þar sem óskað var eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál sem flutt er af fimm þingmönnum. Frumvarpið hefur áður verið lagt fram en náði ekki fram að ganga. Það er nú lagt fram óbreytt.

Beðist er velvirðingar á því að umsögnin berst að liðnum umsagnarfresti.

Almennt um frumvarpið

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof (fæðingarhjálp). Lagt er til að við 17. gr. laganna bætist ný grein sem fjalli um rétt til töku fæðingarorlofs fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Foreldrum sem þurfa að dveljast utan heimilis til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp og geta ekki vegna fjarlægðar og landfræðilegra aðstæðna sótt heimili sitt daglega, sé heimilt að hefja fæðingarorlof allt að þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknavottorði. Réttur foreldra til fæðingarorlofs framlengist því sem nemur þeim tíma sem þeir dveljast utan heimilis fram til fæðingar. Frumvarpið snýr eingöngu að réttindum væntanlegra foreldra þar sem læknavottorð staðfestir þörf fyrir dvöl fjarri heimabyggð.

Auk þess bætist við 22. gr. laganna ný grein sem fjallar um rétt til að hefja töku fæðingarstyrks fyrr en í áætluðum fæðingarmánuði barns vegna sömu ástæðna og fjallað er um í nýrri 17. gr. fyrrnefndra laga. Réttur foreldra til fæðingarstyrks skal því framlengjast um allt að tvo mánuði dveljist þeir utan heimilis vegna fjarlægðar frá heimili sínu og vegna landfræðilegra aðstæðna. Auk þess verður foreldrum heimilt að skipta töku fæðingarstyrks upp í tímabil, sem annars er óheimilt, og kallar þetta á breytingu á 6. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslur fæðingarstyrks. Ekki liggur fyrir kostnaðarmat vegna þessara breytinga en kostnaðaráhrif munu væntanlega koma í ljós við setningu reglugerðarinnar.

Afstaða sambandsins

Sambandið tekur undir þær breytingar á lögum nr. 95/2000 sem lagðar eru til og telur frumvarpið vera afar jákvætt skref í að tryggja jafnan aðgang að fæðingarhjálp óháð búsetu eða landfræðilegum aðstæðum væntanlegra foreldra. Aðgengi að tryggri heilbrigðisþjónustu og fæðingarhjálp eru mikilvæg réttindi væntanlegra foreldra þegar kemur að fæðingu barns sem gjarnan er ein stærsta stundin í lífi einstaklinga. Ekki síst þarf að hafa réttindi barnsins í huga og hvað sé barni fyrir bestu sbr. samning Sameinu þjóðanna um réttindi barnsins. Núverandi ástand tryggir ekki jafnt aðgengi þar sem foreldrar sem þess þurfa búsetu sinnar vegna, dvelja langtímum frá heimili fyrir fæðingardag barns og fellur gjarnan mikill kostnaður til í þeim tilvikum. Huga þarf að



framtíðarskipulagi þjónustu til handa þeim foreldrum sem þurfa að nýta sér fæðingarhjálp fjarri heimili. Fæstar heilbrigðisstofnanir í fámennari sveitarfélögum búa yfir nauðsynlegum tækjakosti s.s. skurðstofum eða mannskap ef upp koma aðstæður sem kalla á meiriháttar læknisfræðileg inngrip. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gera megji ráð fyrir að sú fæðingarhjálp sem býðst í umdæmissjúkrahúsum sbr. 18. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 sé fullnægjandi. Þess eru þó dæmi um að sú sé ekki alltaf raunin og því þurfa væntanlegir foreldrar, öryggisins vegna og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi að dvelja fjarri heimabyggð meðan beðið er fæðingar vegna þessa. Landfræðilegar aðstæður og ótryggt veðurfar yfir vetrartímam með tilheyrandi raski á samgöngum geta einnig orðið þess valdandi að foreldrar velji að dvelja fjarri heimabyggð. Dæmi eru um að móðir sem væntir fæðingar barns, dvelji í nálægð við fæðingarhjálp á meðan maki stundar áfram vinnu í heimabyggð og býr þar áfram til þess að lágmarka kostnað. Kostnaðarauki getur því orðið verulegur auk álagsþátta í aðdraganda fæðingar sem mikilvægt er að lágmarka eins og kostur er þar sem streita og álag á meðgöngu geta verið skaðleg heilsu móður og barns. Skýra þarf í lögum hvort réttur til framlengingar fæðingarorlofs eigi þá við um réttindi hvors foreldris fyrir sig.

Breytingartillagan sem lögð er til í frumvarpinu er því einkar jákvæð og líkleg til að draga úr þeim ósanngjarna aðstöðumun sem væntanlegir foreldrar á landsbyggðinni búa sérstaklega við.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri